



# Málstefna Akurs

endurskoðuð 2023



Hér á leikskólanum Akri er talaður fjöldinn allur af tungumálum. Við berum virðingu fyrir þeim öllum og sýnum því skilning og virðingu að sumir geti átt erfitt með bæði að tala og skilja íslenskuna. Við gefum þeim þess vegna allt það rými sem þörf er fyrir. Það er mjög mikilvægt að öll hafi jafnan rétt til að skiljast, skilja og geta tjáð sig. Íslenskan er samt sem áður það tungumál sem talað er í leikskólanum og mikilvægt að öll sem eiga önnur móðurmál æfi sig sem allra mest í henni til þess að öðlast færni í að skilja hana og geta beitt henni. Í leikskólanum er nauðsynlegt að tryggja að hvert barn sé í ríkulegu málumhverfi. Hvað þetta varðar þá er tíu mínútna reglan ágætis regla eins og fram kemur á vefsíðu [Miðju máls og læsis](#). Með því er átt við að hver hópstjóri þurfi að setja sér það markmið að tala við hvert barn í sínum hóp markvisst í 10 mínútur á dag. Það er ekkert endilega verið að tala um að það þurfi að vera samfelldur tími, en allar 10 mínúturnar tilheyra nemandanum og það á því ekki að vera að gera neitt annað á meðan „[Gefðu 10 - ekki bíða, byrjaðu strax!](#)“. Þessi regla tryggir að hvert barn fái það sem því ber og það samræmist meginreglu 1 mjög vel.



**Nemendur:** Það er alls ekki bannað að tala sitt tungumál hér á leikskólanum en það er þó samt sem áður mikilvægt að bera virðingu fyrir því að inn á kjörnunum sé töluð íslenska. Ef að það eru tvö börn saman í leik sem hafa sama móðurmál getur verið mikið öryggi fyrir þau að getað talað eigið mál saman og það er vel leyfilegt. Það er verkefni kennara að tala hægt og skýrt við börnin og leggja inn orð. Orðaforðinn hefur mikið að segja með tilliti til máltöku nýja málsins. Kennararnir/starfsfólkið þarf að tryggja að viðkomandi skilji það sem fer fram og að hver og einn fái tækifæri til þess að tjá sig. Það þarf að hvetja og virkja nemendurna til þess að tala íslenskuna og að tjá sig við samnemendur. Það er allt í lagi að gera mistök þannig lærast hlutirnir. Ef nauðsyn krefur að tví-/fjöltýngdur starfsmaður tali við barn á sameiginlegu móðurmáli þeirra þá er gott að endurtaka á íslensku því að þannig nær barnið að tengja á milli málanna. Markmiðið er að fjöl-/tvítýngd börn standi betur jafnfætis eintýngdum jafnöldrum sínum, séu betur undirbúin undir nám í grunnskóla og hafi sömu tækifæri til náms. Þetta samræmist afar vel meginreglu 1 Börn og foreldrar, þar sem hver einasti nemandi og fjölskylda hans er í brennidepli. Til stuðnings nýtum við einnig [Tákn með tali](#) í starfi þar sem aðalatriði setninga eru táknuð til að ýta undir skilning og málnotkun.

**Foreldrasamskipti:** Það hefur mikla þýðingu að allir foreldrar upplifi sig og fjölskyldur sínar velkomnar á Akri og að barnið þeirra skipti öllu máli. Það getur verið afar erfitt að skilja ekki það sem fram fer bæði vegna tungumáls og menningarmunar. Það er því brýnt að tryggja að öll skilaboð komist til skila. Það er ekki gefið að allir skilji tölvupósta og skilaboð á samskiptatöflun. Þess vegna getur verið nauðsynlegt að tala við foreldrana um viðburði eins og t.d. starfsdaga, foreldraviðtöl, páskafrí sumarfrí, hjóladag, búningadaga og sumarhátíð með meiru. Hópstjóara á Akri ber að tryggja að upplýsingar komist til skila til fjölskyldna barna í sínum hópi. Fræða þarf fjölskyldurnar um íslenska menningu og leggja sig fram um að skilja þau sem og að auðvelda þeim að gera sig skiljanleg t.d. með látbragði. Það að biðja foreldra um að þýða upplýsingar yfir á sitt tungumál eða að taka annan þátt í starfinu getur gefið þeim tilgang, aukið sjálftraust þeirra og gert þeim auðveldara að aðlagast íslensku samfélagi.



Mikilvægt er að leikskólinn hvetji foreldra tví- /fjöltýngdra nemenda til þess að móta sína eigin málstefnu til að tryggja þeim ríkulegt málumhverfi heima fyrir. Eins og niðurstöður rannsóknar Kriselle Suson Jónsdóttir sýndu fram á . Því virkari og meðvitaðri foreldrarnir eru um að móta og framkvæma sína málstefnu því betur gengur börnunum að öðlast færni í báðum málum ([2017](#)). Í málstefnu fjölskyldu felst það hvernig tungumálin eru valin, notuð og skipulögð innan fjölskyldunnar. Fjölskylda þarf að velja sitt/sín heimamál og vera meðvituð hvenær hvað er notað. Ef að foreldrar skipta óreglulega á milli mála getur það valdið ruglingi og barnið nær ekki að tengja á milli mála.

**Starfsfólk:** Mikilvægt er að starfsfólk tali íslensku inni á kjarna. Íslenska á að vera meginsamskiptamál í starfinu i inni á kjörnum, bæði við börnin og starfsfólks á milli. Þannig erum við fullorðna fólkið málfyrirmyndir barna. Erlend móðurmál má tala í samverum. Það verður að forðast eins og mögulegt er að tala yfir nemendur og annað starfsfólk, á öðru tungumáli en íslensku, því að það getur valdið mikilli truflun fyrir andrúmsloftið á kjarnanum. Ef brýn nauðsyn skapast starfsfólks á milli til að tala annað mál íslensku í starfinu með börnin þá má bregða sér fram eða bíða þar til færi gefst. Séu tveir að tala saman á eigin tungumáli í samveru og þriðji aðilinn sem ekki talar málið bætist við þá er í boði að skipta yfir í íslenskuna.

Íslenskt starfsfólk þarf að sýna tillitssemi og skilning á því að ekki allir hafi sömu færni í íslensku. Við erum jú öll í sama liðinu. Það þarf að veita tví- /fjöltýngdum starfsmönnum aðstoð í því að ná góðum tókum á íslensku máli. Það er gert með því að tala við þá á íslensku, tala hægt og skýrt og endurtaka þegar þörf er fyrir. Gefa þeim tækifæri og tíma til þess að tjá sig. Ef það er nauðsynlegt að nota ensku þá er í boði að segja hlutina fyrst á íslensku og síðan á ensku. Bera þarf virðingu fyrir því að fólk er að æfa sig æfingin skapar jú meistarann. Í meginreglu 2 kemur fram að ef tungumálaörðugleikar haldi aftur af starfsmanni í verkum sínum þá skuli skólinn hafa frumkvæði að því að finna náms- og þjálfunarleiðir í íslensku fyrir viðkomandi. Skólinn aðstoðar við að sækja um styrki en ef að starfsmaður á ekki neina þá er skoðað hvort skólinn hafi tók á að veita fjárhagsaðstoð. Það fer eftir aðstæðum skólans hverju sinni. Starfsfólk sem hefur störf á Akri og hefur ekki náð tókum á íslensku, fær þar til gerð plaggöt með sér í starf með helstu táknum og lykilorðum sem notuð eru í starfi hverju sinni. Ásamt því að geta valið sér lykilaðila í



Íslenskunámi og stendur til boða að nýta undirbúning með lykilaðila einu sinni í viku til samtals yfir kaffibolla á íslensku. Hjallastefnan styður einnig við starfsfólk með sveigjanleika í vinnutíma sé kostur á til að sækja námskeið í íslensku.